

Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 19. desember 2022
UST202212-109/A.B.
10.05.07

Efni: Tillaga – Deiliskipulag - Snókalönd - Hafnarfjarðarbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar er barst 13. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði við Snókalönd við Bláfjallaveg.

Í greinargerð kemur fram að Markmiðið með deiliskipulaginu er að afmarka lóð fyrir norðurljósastarfsemi, myrkvunarsvæði, byggingarreit og 40 bílastæðum og fjórum rúrustæðum og aðkomu þeirra sem koma í norðurljósaskoðun. Auk þess kemur fram að er að reisa fimm byggingar á einni hæð og heildar byggingarmagn innan byggingarreits er 750 m². Auk þess kemur fram að vatn er keyrt á staðinn og sett á tanka, fráveita er leidd í safntank sem er losaður eftir þörfum og díselknúin ljósavél sér fyrir rafmagni. Möguleiki er á að bora eftir vatni fyrir salerni og slíkt (grátt vatn) en ekki neysluvatni.

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í greinargerð að hraunið á svæðinu fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram að hraunasvæðið sé þegar raskað vegna efnistöku og tekur stofnunin undir það, en hins vegar eru óraskaðar jarðmyndanir innan skipulagsvæðisins að mati stofnunarinnar sem rétt er að vernda.

Rask og frágangur

Í greinargerð kemur fram að við Snókalönd séu gamlar hraunnámur. Umhverfisstofnun bendir á að við frágang umræddra námasvæða væri æskilegt að líta til leiðbeininga um efnistöku og frágang sem má nálgast á vefsíðunni namur.is.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur